



STEFNUSKRÁ KVENNAFRAMBOÐS

Kvennaframboðið berst fyrir annarskonar samfélagi þar sem hið besta úr menningu beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stendur til. Kvennaframboðið leggur megináherslu á eftirfarandi stefnumið:

- að reynsla og menning kvenna verði metin sérstaklega sem stefnumótandi afl í þjóðfélaginu.
- jafnrétti til starfs og launa — að störf kvenna verði metin að verðleikum.
- samfélagsleg þátttaka í uppeldi barna verði aukin og bætt og jöfnun foreldraábyrgðar verði auðvelduð.
- að hafa forystu um samstöðu kvenna í borgarstjórn í sem allra flestum málum.
- raunveruleg áhrif borgarbúa við mótun umhverfis síns með auknum áhrifum á stjórn og þróun borgarmála.
- mannleg verðmæti sitji ávallt í fyrirrúmi við ákvarðanir í borgarmálum.
- leitað verði einfaldra leiða í framkvæmdum og að þjónusta verði sveigjanleg og komi til móts við þarfir borgarbúa.

Við lítum á framboð til borgarstjórnar Reykjavíkur sem leið til að ná þessum stefnumiðum og teljum eftirfarandi atriði forsendur þess að ofangreind markmið ná fram að ganga.

Stjórn borgarinnar

Knýjandi er að grundvallar-breytingar verði á ákvörðunum í borgarmálum, þannig að frumkvæði að þjónustu og framkvæmdum verði að verulegu leyti í höndum borgarbúa. Einungis

anir byggist á þörfum íbúanna og séu í samræmi við vilja þeirra.

Samfélagsleg ábyrgð

Í mannlegu samfélagi eru allir samábyrgir fyrir velferð einstaklingsins. Því leggjum við áherslu á að borgin sinni skyldum sínum hvað varðar líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði og öryggi borgarbúa.

Valldreifing og fjármál

Stjórnunarkostnaður Reykjavíkur fer sívaxandi en ekki skilar það sér með bættri stjórn borgarinnar eða auknum möguleikum borgarbúa til að hafa áhrif á ákvarðanir.

Ahrif íbúa eru einungis tryggð í kosningum á fjögurra ára fresti og þá hafa þeir aðeins almennar stefnuýfirlýsingar frambjóðenda að taka mið af. Borgarstjórn, nefndir, ráð og embættismenn stjórna síðan borginni. Ekki eru tryggð nein lágmarkstengsl þeirra er með völdin fara og almennings.

Ráð og nefndir vinna einangrað, án samráðs og án tengsla við almenning. Hver nefnd fjallar einungis um ákveðinn, afmarkaðan málaflokk, en aldrei um heildarástæður borgarbúa eða borgarhverfa. Síðbreytilegt samfélag og lífnaðarhættir leiða af sér nýjar þarfir sem ekki er fjallað um í stöðnuðu nefndakerfi borgarinnar. Borgarfulltrúar og embættismenn borgarinnar hafa afar litla möguleika á að öðlast heildarsýn yfir málefni einstakra hverfa, hvað þá borgarinnar allrar.

Mikið af tíma ráða og nefnda fer í að afgreiða einstök mál í stað þess að þau geri áætlanir eða marki framtíðarstefnu. Ráð og

málunum, málin stjórna þeim. Allar fjárveitingar eru bundnar málaflokkum bæði hvað rekstur og framkvæmdir varðar. Fjárveitingar til einstakra málaflokka breytast hlutfallslega lítið frá ári til árs. Af þessu leiðir að ekki er hægt að tala um forgangs-röðun verkefna í borgarstjórn hversu brýn sem þörfin er. Í núverandi stjórnkerfi skipast mál því ekki fyrst og fremst af því hvort með völd fer „vinstri“ eða „hægri“ stjórn. Svigrúm til breytinga er nær ekkert.

Kvennaframboð mun því berjast fyrir breyttu stjórnunarfórm, sem tryggir að ákvarðanir verði byggðar á umsögnum og til-lögum hverfasamtaka. Nýtt stjórnunarfórm verður jafnframt að fela í sér að lítið verði á mál-efni hverfa í heild, en ekki á einangraða málaflokka.

Kvennaframboðið leggur á það megináherslu að borgarbúar fái tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á stjórn borgarinnar. Ein leiðin til þess er að íbúar hverfa myndi samtök um sín mál og hverfasamtökum verði tryggt vald til að hafa áhrif á mál er hverfið varða.

Önnur forsenda virks lýðræðis er að borgarbúar hafi greiðan aðgang að öllum upplýsingum um borgarmálefni, og borgin sinni þeirri sjálfsöðbu skyldu að kynna almenningi áætlanir og fyrirhugaðar framkvæmdir.

Allir tekjustofnar Reykjavíkur-borgar munu nú vera fullnýttir. Engar áætlanir um heildarframkvæmdir og þjónustu í höfuðborginni liggja fyrir, en sé lítið á fyrir-sjáanlegar breytingar á íbúasamsetningu borgarinnar og jafnframt tekið mið af þróun mála í öðrum höfuðborgum má

fyrir bætta og viðtækari þjónustu í borginni.

Kvennaframboðið vill bregðast við þessum vanda á tvennan hátt:

Við viljum nýta betur fjármuni borgarinnar jafnframt því að tryggja betri þjónustu. Þetta hyggjumst við fyrst og fremst gera með því að nýta betur opinbert húsnæði og með breyttu og sveigjanlegu skipu-lagi ýmiss konar þjónustu og leggjum í þessu sambandi áherslu á notagildi og hagkvæmni. Við viljum að horfið verði frá því að binda fjármagn ákveðnum málaflokkum. Þess í stað viljum við leggja það fjármagn sem ætlað er til félags-legrar þjónustu og framkvæmda í einn sjóð, þannig að hægt sé að taka myndarlega á málum og þá í markvissri for-gangs-röð.

Í öðru lagi gerum við þá kröfu til ríkisvaldsins að það auki framlög til samneyslu og félagslegrar þjónustu í Reykja-vík í ljósi núverandi sérstöðu hennar hvað varðar íbúasam-setningu og hlutverk sem höfuðborgar landsins.

Launa- og atvinnumál

Kynbundið launamisrétti er staðreynd. Störf kvenna eru lægra metin til launa en störf karla, hvort sem er hjá opin-berum stofnunum eða einkafyrir-tækjum. Starfsreynsla húsmæðra er lítils metin og svokallaðar kvennastéttir eru illa launaðar. Þetta bitnar harðast á konum sem eru einar um að afla tekna til heimilis.

Tími er kominn til að störf kvenna verði virt að verðleikum og sú ábyrgð sem heim fylgir

Kvennaframboðið mun berjast fyrir mannsæmandi kjörum lág-launakvenna.

Upplýsingar um raunveruleg launakjör kvenna og karla verður að leggja fram til þess að launa-misrétti kynjanna verði auðsætt.

Atvinnuöryggi kvenna í launa-vinnu verður að tryggja. Það á að hætta að líta á konur sem vara-vinnuafli, sem sent er heim eða kallað úr eftir þörfum vinnu-markaðarins.

Starfsheittum er oft beitt til að mismuna kynjum í launum þótt um samskonar störf sé að ræða. Þar með eru virt að vettugi tvenn lög um launajöfnuð kvenna og karla frá 1961 og 1976.


Reykjavíkurborg á að ganga á undan með góðu fordæmi og leið-rétta hið áberandi launamisrétti kvenna og karla sem er við lýði hjá borginni.

Mikilvægt er að bæta aðstöðu húsmæðra, sem leita sér annarra starfa eftir að hafa unnið að heimilisstörfum um langt skeið. Til þess verða þær að fá tækifæri til menntunar og starfsþjálfunar.

Ahrif tölvuvæðingar eru stöðugt að aukast. Tölvuvæðingin er hættuleg atvinnuöryggi launa-fólks, sérstaklega kvenna. Tryggja verður að þessi nýja tækni nýtist til þess að stytta vinnutíma fólks án launa-skerðingar.

Borgin á að hafa frumkvæði að því að fólk sem er að láta af störfum hjá borginni fyrir aldurs sakir geti minnkað við sig vinnu í áföngum án þess að lífeyris-réttindi þess skerðist. Einnig á borgin að hafa forgöngu um að finna gömlu fólk sem þess óskar, hlutastörf við sitt hæfi.

Sjálfsgætt er að Reykjavíkurborg ræki lagalega skyldu um að forgang örvrækja til atvinnu hjá



KVENNAFRAMBOÐSINS

Fullorðinsfræðsla

Örar breytingar í tækni og vísindum, miklir búferlaflutningar úr dreifbýli, breytingar á hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna og hærri meðalaldur fólks gerir þörfina fyrir fullorðinsfræðslu endurmenntun og símenntun æ brýnni.

Kröfur samfélagsins til faglegs náms kvenna hafa ekki verið jafn ótvíræðar og til náms karla. Því óska margar konur starfsmenntunar á fullorðinsárum. Auk þess hefur vanmat á starfi húsmæðra orðið til þess að konur, sem unnið hafa heimilisstörf um lengri tíma, eiga mjög erfitt uppdráttar á vinnumarkaðnum.

Aðstaða fatlaðra til fullorðinsfræðslu er fábrotin, þótt þörf þeirra sé oft enn brýnni en þeirra er ófatlaðir teljast.

Kvennaframboðið vill því vinna að því að fullorðin fólki eigi kost á námi sem er sniðið að þroska þess og áhugamálum, en veitir sambærileg réttindi og hefðbundin skólanám.

Fullorðinsfræðslu ber að nýta, ekki aðeins til að bæta menntun þjóðarinnar og gera hana hæfari til að mæta breyttum aðstæðum, heldur einnig til að vinna markvisst að bættri stöðu kvenna í atvinnulífnum.

Uppeldismál

Ein meginástæða valda- og áhrifaleysis kvenna í samfélaginu er sú að uppeldi barna og umönnun hvílir nær eingöngu á þeim án þess að það sé metið að verðleikum. Aukin og bætt þátttaka samfélagsins í uppeldi barna og jöfn foreldraábyrgð eru því viðfangsefni sem kvennaframboðið setur á oddinn.

Meirihluti kvenna býr við margfalt álag, vegna vinnu innan

og utan heimilis. Mæður njóta sín oft ekki í vinnu vegna stöðugar óvissu um öryggi og líðan barna sinna og standa oft ráðbrota þegar börnin veikjast. Þær konur sem vinna heima við heimilisstörf og umönnun barna eru oft félagslega einangraðar. Því ættu allar konur að eiga þess kost að vinna utan heimilis. Forsenda þess er, að fyrir hendi sé örugg dagvist fyrir börnin. Við núverandi aðstæður þurfa öll börn að eiga kost á a.m.k. 6 klst. dagvist í heimahverfi sínu óháð atvinnuþátttöku, efnahag og hjúskaparstöðu foreldra. Börn foreldra úr mismunandi starfsstéttum og þjóðfélagshópum eiga að vera saman í dagvist.

Til að ná þessum markmiðum verður að hraða uppbyggingu dagvistarstofnana. Reisa þarf ný dagvistarheimili á fljótvirkari og einfaldari hátt en nú tilkast og kaupa eða leigja húsnæði sem hentar til dagvistunar meðan eftirspurn er ekki fullnægð.

Endurskipuleggja þarf dagvistun á einkaheimilum til að auka öryggi foreldra og barna er þá þjónustu nota. Spor í þá átt er að dagmæður verði starfsmenn borgarinnar.

Skólastarf nú er ekki í takt við tímann. Taka verður mið af þörfum barna og heimila við skipulag skólastarfs. Lögum og reglugerðum um rekstrarkostnað skóla verður að breyta þannig að hver skóli verði sem sjálfstæðust rekstrareining. Kvennaframboðið leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði:

- Skóladagur allra barna verði samfelldur. Skólar verði einsetnir og nemendum fækkað í bekkjardeildum.
- Skólatími 6 ára barna verði lengdur.

— Aðstaða verði í skólum eða í tengslum við þá, þar sem börn geti átt athvarf þann hluta dagsins sem þau eru ekki í kennslustundum. Slik aðstaða þarf að vera fyrir hendi fyrir börn á grunnskólaaldri, en brýnnast er að nú þegar verði hafist handa um að koma upp öruggrí aðstöðu fyrir yngstu börnin.

— Komið verði upp matsölu fyrir nemendur.

— Horfið verði frá þeirri stefnu að sameina skóla í eldri hverfum.

Stuðla þarf að aukinni umræðu um starf og markmið uppeldisstofnana. Einkum þarf samstarf foreldra og starfsfólks dagvistar og skóla að vera náð, til að tryggja að báðir aðilar fylgist með reynslu, þroska og líðan barnanna og móti sameiginlega stefnu og markmið stofnananna.

Þarfar barna hafa of oft litið í lægra haldi fyrir þörfum vinnu- markaðarinnar. Stóraukinni þátttöku kvenna í atvinnulífnum hefur ekki verið mætt sem skyldi með aukinni þjónustu. Kvennaframboðið vill gerbreyta þessu. Samfélagið ber ábyrgð á öllum börnum. Samverustundum barna og fullorðinna þarf að fjölga. Gera verður foreldrum kost á styttri og sveigjanlegri vinnutíma og gefa skal foreldrum efnalega kleift að minnka við sig launavinnu án þess að starfsréttindi skerðist, en standa þarf sérstaklega vörð um atvinnuöryggi kvenna. Brýnnast er að koma þessu á fyrir foreldra barna yngri en tveggja ára. Þá verður strax að tryggja foreldrum rétt til að vera heima hjá veikum börnum sínum.

Framtíðarmarkmiðið er að börn dveljist ekki á uppeldisstofnunum utan heimilis lengur en 6 tíma á dag. Þá leggjum við áherslu á að jafnréttisviðhorf ríki í dagvistum og í skólum svo að stúlkur og drengir séu jafn vel búin undir líf og starf í þjóðfélaginu.

en 6 tíma á dag. Þá leggjum við áherslu á að jafnréttisviðhorf ríki í dagvistum og í skólum svo að stúlkur og drengir séu jafn vel búin undir líf og starf í þjóðfélaginu.

Æskulýðsmál

Virða ber þörf unglunga fyrir að vera út af fyrir sig með félögum sínum. Komið verði upp í öllum hverfum aðstöðu, sem þeir hafa sjálfir tekið virkan þátt í að móta. Jafnframt verður að leggja áherslu á að rjúfa einangrun unglunga sem hóps og tengja þá betur atvinnulífi og félagslífi.

Sumarvinna sem borgin býður unglingum þarf að vera fjölbreytt og launagreiðslur eiga að miðast við sambærileg störf fullorðinna. Gæta þarf jafnréttis í vinnutíðum fyrir stúlkur og drengi.

Unglingar í dag — fullorðinir á morgun. Við getum ekki litið framhjá þeirri staðreynd að fjöldi unglunga á miklum erfiðleikum af persónulegum og félagslegum ástæðum. Vill Kvennaframboðið vekja sérstaka athygli á að sívaxandi fjöldi barna og unglunga neytir vímuefna. Það er sjálfsögð skylda þjóðfélagsins að veita unglingum í vanda raunhæfa aðstoð.

Leggja ber megináherslu á fyrirbyggjandi starf ekki einungis skapandi tólmundastarf, heldur markvissa vinnu með börnum og unglingum sem hætta er á að lendi í vanda.

Með því er ekki aðeins stuðlað að farsælu lífi einstaklingsins heldur oft spóruð dýr úrræði seinna meir.

Stórbæta þarf samstarf hinna ólíku aðila er um málefni unglunga fjalla í því skyni að samræma aðgerðir og bæta þjónustu. Kvennaframboðið telur nauðsynlegt að nú þegar verði

komið upp athvarfi fyrir unglunga í bráðum vanda þar sem þeir geti dvalist um skemmri tíma og notið ráðgjafar og annarrar aðstoðar meðan unnið er að varanlegri lausn mála þeirra.

Tólmundir og menningarmál

Hættan á félagslegri einangrun einstaklinga í borgarsamfélagi er sýnu meiri en í smærri samfélagum. Þetta á við um allt fólk.

Fólk þarf að hafa aðstöðu til félagsstarfs og tólmundaðju í sínu hverfi. Í því skyni á að nýta það húsnæði sem fyrir er s.s. skóla, kirkjur og safnaðarheimili og ekki síst félagsmiðstöðvar sem verður að fjölga í náinni framtíð.

Þarna gefst vettvangur fyrir tólmundastörf og listsköpun sem má efla með farandsýningum á myndlist, heimsóknum leikhópa, tónlistarmanna og rithöfunda.


Skipuleggja þarf tólmundastarf þannig að allir aldurs hópar geti notið þess sameiginlega. Vanda þarf til framkvæmdar Listahátíðar með það fyrir augum að gera hlut íslenskra listamanna sem mestan og halda áfram á þeirri braut að sem allra flestir fái notið hennar.

Efla þarf hverskyns listkynningu og umfjöllun um listir og veita skapandi listamönnum stuðning. Aðvelda þarf listamönnum að koma sér upp vinnu- aðstöðu í borginni.

Borgarbókasafnið ber að efla og þá þjónustu sem þar er veitt umfram útlán bóka.

Nýr þáttur í starfsemi Borgarbókasafnsins verði upplýsingadeild um borgarmálefni, áætlanir, framkvæmdir og alla þá þjónustu er borgin veitir. Auk

Frh. á næstu síðu ➔



Myndirnar hér á síðunni og í opnu tók Kristján Ingi



Stefnuskrá

Framhald af 13. síðu.

Þess kynning á því sem er á döfinni í Reykjavík á hverjum tíma.

Kvennaframboðið vill að Borgarbókasafnið í samráði við Kvinnasögusafn Íslands, leggi sérstaka áherslu á að afla bóka eftir konur og um stöðu kvenna, þannig að þær verði aðgengilegar borgarbúum.

Verja skal minna fé í stór íþróttamannvirki fyrir keppnis-íþróttir en koma þess í stað upp aðstöðu til íþróttar og útveru almennings í nágrenni heimila. Leita skal samstarfs við íþróttfélögin um aukin afnot almennings af því íþróttahúsnæði sem fyrir er.

Skipulags- og húsnæðismál

Kvennaframboðið vill að raunveruleg áhrif íbúa borgarinnar á skipulag hennar komi í stað þess sýndarlýðræðis sem nú ríkir. Haft skal samráð við íbúa um skipulagningu nýrra hverfa og endurskipulagningu eldri hverfa.

Í öllu borgarskipulagi verður að taka mið af daglegum þörfum fólks, svo sem innkaupum, barnaheimilum, atvinnu, tómstundum og hvíld. Hverfin eiga að vera blönduð að byggð og í hverju hverfi misstórar íbúðir fyrir mismunandi fjölskyldur og sambýlisform.

Skipting borgarinnar í íbúðarhverfi, atvinnu- verslunar- og þjónustuhverfi er óæskileg. Í íbúðahverfum eiga einnig að vera atvinnufyrirtæki sem hafa ekki slæm áhrif á umhverfið vegna mengunar eða annarra óþæginda.

Hverfin eiga að vera skipulögð með þarfar ólíkra þjófélagsþópa í huga.

Leggja þarf rækt við gömlu hverfin og fullnýta þá möguleika sem þau búa yfir. Við endurnýjun þeirra ber að taka tillit til byggðar, gróðurs, náttúru og menningarverðmæta. Lögð skal alúð við að búa til skjólgóð útivistarsvæði og reynt verði á allan hátt að gera útiveru í hverfunum aðlaðandi og örugga fyrir alla aldurshópa.

Kvennaframboðið styður almennar hugmyndir í skipulagsgögnum borgarinnar um þéttingu og blöndun byggðar en leggur áherslu á að þær verði framkvæmdar í samræmi við vilja íbúa.

Við þéttingu byggðar í eldri hverfum eiga sambýlishús með íbúðum og húsrými fyrir sameiginlega þjónustu að ganga fyrir. Þar skal miðað við þarfar aldræðra, fatlaðra og ungra fjölskyldna.

Kvennaframboðið styður tillögur er komið hafa fram um að flytja flugvöllinn úr miðborg Reykjavíkur. Við bendum jafnframt á, að þetta mál er brýnt af öryggisástæðum. Við flutning flugvallarins gefst kostur á útivistarsvæðum við suðurströndina en norðurströndin hefur þegar verið lögð undir iðnað og hafnar-mannvirki. Brýnt er að leysa mengunarvandamál við strendur borgarinnar og bæta þar hvers kyns mengunarvarnir í borginni sjálfri.

Sporna skal við hvers kyns soun á orku. Borginni ber í samvinnu við ríkið að hafa þar forgöngu

með upplýsingum og fræðslu.

Samgöngur með almenningsvögnum þarf að bæta, þannig að fljótlegt og einfalt verði að ferðast bæði innan hverfa og á milli borgarhluta. Það dregur úr umferð einkabíla og skipulag umferðarmála verður markvissara. Þess skal gætt að öryggi gangandi og hjólandi fólks sitji í fyrir-rúmi. Fatlaðir verða að komast leiðar sinnar um borgina og eiga greiðan aðgang að stofnunum hennar.

Auðvelda skal almennings-samgöngur við útivistarsvæði í nágrenni borgarinnar, svo sem Heiðmörk og Viðey.

Öllum má ljóst vera að húsnæðismál borgarbúa eru í öngþveiti. Biðlistar vegna leiguhúsnæðis borgarinnar eru langir og 1200 fjölskyldur sækja um 270 íbúðir í verkamannabústöðum.

Kvennaframboðið telur þennan vanda ekki einkamál hvers og eins, heldur er þetta vandamál sem krefst skjótra úrbóta og samfélagsins ber að leysa. Allar aðrar félagslegar umbætur missa marks ef frumþörfum fólks um öruggt húsnæði er ekki sinnt.

Ljóst er að Reykjavíkurborg ein og sér getur ekki leyst þennan vanda, en þá kröfu verður að gera til borgaryfirvalda að byggingar-samvinnufélög sitji fyrir við löða-úthlutun. Kvennaframboðið leggur áherslu á mörkun fram-tíðarstefnu í húsnæðismálum þar sem aðaláhersla verði lögð á félagslegar lausnir og framboð á fjölbreyttu húsnæði.

Almannavarnir

Kvennaframboðið telur brýnt að efla almannavarnir ef til náttúruhamfara eða styrjaldar kæmi og vegna hættu af hernaðarumsvifum á friðartímum.

Fræðsla og leiðbeiningar um almannavarnir geta orðið að ómetanlegu gagni og því viljum við stuðla að umræðum um þau mál. Þeirri umræðu er hvorki ætlað að vekja ótta né falska öryggiskennd, heldur að vekja athygli á þeim ráðstöfunum sem brýnastar eru:

— Mikilvægt er að kynna öllum hvernig bregðast skal við náttúruhamförum.

— Nauðsynlegt er að Almanna-varnir ríkisins láti aftur kanna hvaða húsnæði á höfuðborgarsvæðinu veitir fullnægjandi skjól fyrir geislun. Niðurstöður slíkrar könnunar verði birtar almenningi og skýlin auðkennd.

Heilbrigðismál

Kvennaframboðið leggur höfuðáherslu á heilsuvernd með fyrirbyggjandi heilsugæslu. Hraða ber uppbyggingu heilsugæslustöðva í hverfum borgarinnar og auðvelda fólki að fá læknishjálp.

Við skipulag heilsugæslu verður að taka sérstakt tillit til þarfa gamals fólks og það verður að eiga kost á reglubundinni skoðun á heilsugæslustöðvum.

Heimahjúkrun og heimilis- aðstoð stytir oft dvöl sjúklinga á sjúkrahúsum. Það hefur í för með sér betri nýtingu á sjúkrarými og aukinn sparnað, og er auk þess oft i meira samræmi við þarfar og óskir sjúklinga en sjúkrahúsdvöl.

Bæta verður aðstöðu aldraðra sem þurfa að leggjast skyndilega á sjúkrahús. Eins og málum er nú háttáð reynist mjög erfitt að koma veikum, gömlum fólki inn á sjúkrahús vegna ótta stjórna- enda þeirra við að það þurfi á langri sjúkrahúsdvöl að halda. Nauðsynlegt er að opna eina deild í borginni fyrir bráðainnlagnir

aldraðra, fjölga hjúkrunar- deildum og koma á fót hjúkrunar- heimilum fyrir langlegusjúk- lina.

Meira fé á að verja til kynlifs- fræðslu á vegum borgarinnar og kynfræðsludeildina á Heilsu- verndarstöð Reykjavíkur þarf að efla.

Fræða þarf konur um líkams- starfsemi sína og þær breytingar sem verða á henni á ólíkum ævi- skeiðum.

Þá telur Kvennaframboðið að með auknu átaki megi:

— draga úr hörmungum um- ferðarslysa með því að skipu- leggja alla umferð með öryggissjónarmið að leiðar- ljósi.

— fækka atvinnusjúkdómum og vinnuslysum með því að vekja umræðu um vinnuvernd.

— gera baráttu gegn vimugjöfum virkari.

— bæta mataræði með fræðslu og áróðri.

Neyðarathvarf fyrir konur

A undanförunum árum hafa konur um allan heim reynt að vekja athygli á því hve margar konur eru beittar ofbeldi. Nýleg könnun sýnir svo ekki verður um villst að íslenskar konur eru einnig beittar ofbeldi. Þurfi þær að flytja að heiman eiga þær oft ekki í neitt hús að venda.

Kvennaframboðið vill beita sér fyrir því að borgin, nágranna- sveitarfélög og ríkið standi straum af kostnaði við stofnun neyðarathvarfs fyrir konur.

Hlutverk neyðarathvarfs kvenna er: Að veita þeim konum sem beittar hafa verið ofbeldi eða er hætta búin, skyndihjálp, húsaskjól, ráðgjöf og annan stuðning.